

2. gr.

Í stað „9 mánaða“ í 1. málsg. 8. gr. laganna komi: 6 mánaða.

2. málsg. 8. gr. orðist svo:

Grundvöllur stigaútreiknings hvert almanaksár skal vera samanlagt dagvinnukaup bónda og húsfreyju samkvæmt verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara haustið á undan að viðbættu 20% álagi, og nefnist fjárhæð þessi grundvallarlaun ársins. Veiti almenn kaupgjaldsþróun tilefni til að ætla, að 20% álag leiði til óeðlilegrar hækkunar grundvallarlaunanna, getur ráðherra, að fengnum tillögum sjóðstjórnar, ákveðið lægra álag, þó ekki undir 10%. Verði útreikningur verðlagsgrundvallar lagður niður eða svo veigamiklar breytingar gerður á honum, að hann verði að dómi ráðherra ónothæfur sem mælikvarði að þessu leyti, skal ráðherra að fengnum tillögum frá sjóðstjórn og Hagstofu Íslands ákveða nýjan grundvöll fyrir stigaútreikning.

3. gr.

3. málsg. 27. gr. laganna (ákvæði til bráðabirgða) orðist svo:

Árin 1976—1979 skal sjóðurinn greiða þeim lífeyrisþegum, sem rétt eiga samkvæmt II. kafla laganna, sérstaka uppbót, þannig að frá 1. janúar 1976 hækki grundvallarlaun, sem við er miðað, um 50% frá því, sem þau eru að lokinni hækkun samkvæmt 24. gr., en taki síðan breytingum hinn 1. júlí og 1. janúar ár hvert, í síðasta sinn 1. júlí 1979, í hlutfalli við breytingar, sem orðið hafa á grundvallarlaunum samkvæmt lögum nr. 63 1971, um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Elli-, örorku- og makalífeyrir þeirra lífeyrisþega, sem ekki eiga rétt samkvæmt II. kafla, skal breytast á sama hátt, þó þannig, að slíka breytingu skal árin 1976—1977 einungis reikna á lífeyri, er svarar til 15 stiga eða minna, og árin 1978—1979 á lífeyri, er svarar til 20 stiga eða minna, en um afganginn fer eftir ákvæðum 25. gr. Nú á lífeyrisþegi rétt samkvæmt II. kafla, en mundi engu að síður fá hærri lífeyri, ef farið væri eftir þessum síðarnefndu ákvæðum, og skal þá sjóðurinn greiða honum mismuninn.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1978. Ákvæði 2. gr. um útreikning grundvallarlauna skulu gilda um grundvallarlaun ársins 1978.

Gjört í Reykjavík 28. desember 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna (sbr. 17. gr. l. nr. 10/1974) orðist svo:

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt að fjárhæð 3½% af greidd-

um vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum, öðrum en tekjum sjómanna á íslenskum fiskiskipum, þar með töldum tekjum hlutaráðinna landmanna, sem aflað er í tengslum við úthald skipanna til fiskveiða, og tekjum af landbúnaði, svo sem ákveðið er í lögum þessum.

Skattur þessi skiptist þannig, að 2% renna í Byggingarsjóð ríkisins sem stofnfjárframlag og 1½% rennur í ríkissjóð.

2. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Byggingarsjóður ríkisins greiðir til ríkissjóðs 1% af hluta sjóðsins af innheimtum launaskatti samkvæmt lögum þessum vegna kostnaðar af framkvæmd laganna.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1978.

Gjört í Reykjavík 28. desember 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

L Ö G

um niðurfellingu útflutningsgjalda á kolmunna- og spærlingsafurðum á árinu 1977.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Útflutningsgjöld af kolmunna- og spærlingsafurðum, samkvæmt lögum nr. 5 13. febrúar 1976, eru felld niður frá gildistöku þessara laga til ársloka 1977.

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að fella sömu útflutningsgjöld niður á árinu 1978.

2. gr.

Sjávarútvegsráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 27. desember 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Bjarnason.